




Mynd: Bjarki Jóhannsson

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2020-2021



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	2
<b>2</b>	<b>Innra mat í Akurskóla</b> .....	3
2.1	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?.....	3
2.2	Vísibendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	3
2.3	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?.....	4
2.4	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	4
2.5	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?.....	4
2.6	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?.....	4
<b>3</b>	<b>Um skólann</b> .....	5
3.1	Skólastefna Akurskóla .....	5
<b>4</b>	<b>Viðfangsefni mats 2020-2021</b> .....	7
<b>5</b>	<b>Helstu niðurstöður sjálfsmats</b> .....	9
5.1	Skólanámskrá .....	9
5.2	Skólapúlsinn .....	9
5.2.1	Nemendakönnun .....	9
5.2.2	Foreldrakönnun .....	11
5.2.3	Starfsmannakönnun .....	13
5.3	Samræmd próf.....	15
5.3.1	4. bekkur .....	16
5.3.2	7. bekkur .....	17
5.3.3	9. bekkur .....	18
5.4	Niðurstöður eineltisteymis .....	19
5.5	Samtöl .....	19
5.5.1	Foreldrasamtöl .....	19
5.5.2	Starfsmannasamtöl.....	19
5.5.3	Kennslurýni og samtöl .....	20
5.6	Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar.....	21
5.7	Lestrarskimanir .....	22
5.7.1	Logos-læsisskimun í 6. bekk.....	22
5.7.2	Logos-læsisskimun í 9. bekk.....	22
5.7.3	Orðarún .....	22
5.7.4	Lesfimi .....	24
5.8	Stærðfræðiskimanir .....	26
5.8.1	Talnalykill í 3. bekk.....	26
5.8.2	Talnalykill í 6. bekk .....	27
5.9	Ný einkunnarorð Akurskóla .....	28
5.10	Framkvæmdamat .....	28
<b>6</b>	<b>Mat á umbótaþáttum</b> .....	31
6.1	Námsárangur .....	31
6.2	Læsi .....	31
6.3	Heilsueflandi grunnskóli.....	32
6.4	Máttur mannaúðsins .....	32
<b>7</b>	<b>Lokaorð</b> .....	33

## 1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggja fyrir starfsmannafund og skólaráð. Áætlun fyrir 2021-2023 er sett fram haustið 2021, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

## 2 INNRA MAT Í AKURSKÓLA

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



### 2.1 Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt starfsmönnum sem lesa yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

### 2.2 Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

### 2.3 Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

### 2.4 Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

### 2.5 Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

### 2.6 Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

### 3 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2020-21 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjórar voru Guðrún Gunnarsdóttir og Katrín Jóna Ólafsdóttir. Verkefnastjóri stoðþjónustu var Helga Eiríksdóttir, verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S Guðmundsdóttir. Verkefnastjóri læsis var Elín Njálisdóttir. Leiðtogi í byrjendalæsi var Fríða Hallfreðsdóttir og leiðtogi í Heilsuefandi grunnskóla var Jón Ásgeir Þorvaldsson.

#### 3.1 Skólastefna Akurskóla

*Einkunnarorð Akurskóla*

### **„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús”**

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

#### **Ytra skipulag**

Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Mikil áhersla er lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árgöngum. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.

#### **Þátttaka nemenda**

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

#### **Þátttaka foreldra**

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrastarfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í skólaráði, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



*Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólastarfinu.*

## 4 VIÐFANGSEFNI MATS 2020-2021

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Pátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsmenn og skólaráð.	x	x							
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á foreldra	Mars	Úrtak foreldra – forráðamanna allra nemenda.		x				x	x	x	
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Apríl	Allir starfsmenn.	x	x	x		x	x	x		
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., og 9. b og ensku í 9. b.	Samræmd próf Menntamála-stofnun.	September og mars.	Nemendur í 4., 7. og 9. b.		x		x					
Árangursríkt skólastarfi	Fundir um verklag og ferla í skólanum.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Endurskoðun á ýmsum verkferlum og textum.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur.	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Vinnumat og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur.	Jan. – feb.	Kennarar	x	x			x	x	x		
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfímiprófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli 90-120 orðum á mínútu.		x		x					



Lestrarskimanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Apríl	9. bekkur - nemendur sem eru undir viðmiði 1 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli viðmiðs 1 og 2.		x		x								
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónar-kennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x								
	Lesferill - lesskimun	Verkefnastjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x								
	Lesferill - Lesfimi og hliðarþróf eftir þörfum	Kennarar 1.-6. bekk, verkefnastjóri læsis og sérkennarar	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x								
Stærðfræðiskimanir	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Desember.	3. bekkur.		x		x								
	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x		x								
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur, allt skólaárið.	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x	x	x	

## 5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS

### 5.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans [www.akurskoli.is](http://www.akurskoli.is). Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

### 5.2 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár voru allar kannanir lagðar fyrir, þ.e. nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

Í könnuninni var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt undir eru skoðaðir sérstaklega.

#### 5.2.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í sex úrtök í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 167 nemendur af 183 svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

## Helstu niðurstöður

Niðurstöður nemendakönnunar í ár voru ekki nógu góðar að okkar mati. Neikvæð breyting var á milli ára í flestum þáttum þó þær væru ekki alltaf tölfræðilega marktækar. Fyrirlögn könnunarinnar er til endurskoðunar sem og einstaka þættir sem ekki komu vel út.

### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	150	-0,7	4,5	17.501	-0,4*
1.2. Þrautseigja í námi	4,5	155	-0,1	4,6	17.611	-0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,1	152	-0,0	4,8	17.865	0,3
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,8	150	-0,6	4,7	17.839	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	151	-0,2	4,5	17.587	-0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,2	151	-0,1	4,5	17.806	-0,3

Hér má sjá að ánægja af lestri og trú á eigin vinnubrögðum í námi mælist marktækt lægra í Akurskóla en á landsvísu. Lítil eða engin breyting er á öllum þáttum í þessum flokki á milli ára.

### 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	151	-0,0	4,2	17.536	-0,3*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	149	0,1	4,3	17.494	-0,2*
2.3. Velliðan	4,1	149	0,2	4,4	17.714	-0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	54	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,1	147	0,2	5,6	17.685	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	17,0%	25/147	2,0%	13,6%	2468/17631	3,4%
2.7. Staðir eineltis	-	22	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	40,4%	59/146	-5,6%	43,7%	7567/17263	-3,3%
2.9. Holt mataræði	4,2	147	-0,5	4,6	17.412	-0,4*

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og hollt mataræði nemenda í Akurskóla mælist undir landsmeðaltali og er tölfræðilega marktækt. Tíðni eineltis er marktækt hærri í Akurskóla en á landsvísu þó breytingin á milli ára sé ekki tölfræðilega marktæk. Tíðni hreyfingar fer niður á milli ára en þess bera að geta að hlutar könnunarinnar voru lagðir fyrir þegar samkomutakmarkanir voru í gildi í samfélaginu og íþróttæfingar barna og unglinga því óheimilar.

### 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,3	147	-0,3	4,8	17.392	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	147	-0,2	4,9	17.611	0,0
3.3. Agi í tímum	5,0	147	0,1	4,9	17.580	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	147	-0,2	5,0	17.537	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	145	-0,0	5,0	17.548	0,0

Lítill breyting varð á þessum þætti á milli ára. Samsömun við nemendahópinn mælist marktækt undir landsmeðaltali, önnur atriði eru svipuð og landsmeðaltalið.

## 5.2.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Í þeim tilvikum þar sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðilinn fær könnunina senda fyrst. Ef svör berast ekki frá þeim aðila sem fyrst fær könnunina senda er könnunin send á netfang næsta foreldris. Könnunin var send út 1. febrúar 2021 á 120 þátttakendur og stóð opin til 1. mars 2021. Alls svöruðu 87 þátttakendur könnuninni sem gerir 72,5% svarhlutfall.

### Helstu niðurstöður

Mjög ánægulegar breytingar urðu á niðurstöðum foreldrakönnunar á milli ára en könnunin var síðast lögð fyrir árið 2019.

#### 1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,4	84	0,6	5,1	6.319	0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	92,1%	70/76	6,3%	91,4%	5377/5848	0,7%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	87,5%	70/80	5,3%	83,7%	5207/6176	3,8%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,0%	49/70	-3,4%	76,5%	4400/5690	-6,5%

Hér má sjá að aukning mældist í ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum og einnig með stjórnun skólans. Einnig þykir foreldrum þyngd námsefnis í skólanum almennt við hæfi þó ekki mælist tölfraðilega marktækur munur í þessum flokki.

#### 2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,9	75	0,5	4,7	5.699	0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	83,3%	65/78	1,6%	87,4%	5253/5955	-4,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	94,1%	80/85	8,0%	91,9%	5818/6327	2,2%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	94,1%	80/85	7,2%	91,8%	5772/6283	2,3%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	90,5%	76/84	4,4%	91,2%	5675/6235	-0,7%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	9,6%	8/83	-2,6%	9,0%	562/6254	0,6%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	35,7%	5/14	-5,2%	54,9%	533/958	-19,2%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	46,2%	6/13	3,3%	54,5%	516/941	-8,3%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	63,6%	28/44	-12,5%	76,8%	2736/3492	-13,2%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	2,5	15	0,9	1,4	1.056	1,1*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	15	-	-	-	-

Jákvæð breyting hefur verið í flestum þáttum í þessum flokki á milli ára, þó ekki tölfraðilega marktækt. Munur á ánægju foreldra í Akurskóla á eineltisáætlun skólans og ánægju foreldra með eineltisáætlanir á landsvísu er tölfraðilega marktækur.

## 3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	82	0,6	5,5	5.960	0,0
3.2. Ánægja foreldra með tómsundarþjónustu	5,5	38	0,7	5,3	3.535	0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundarþjónustu/frístundaheimili	47,1%	40/85	0,3%	58,4%	3754/6200	-11,3%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundarþjónustu	-	44	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	82,4%	61/74	-3,0%	73,3%	4096/5439	9,1%
3.6. Notkun á mötuneyti	92,9%	79/85	2,3%	89,3%	5678/6297	3,6%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0/6	-	3,3%	20/613	-3,3%

Hér vekur helst athygli aukið hlutfall barna í Akurskóla sem ekki nýta sér tómsundarþjónustu, en munurinn mælist tölfræðilega marktækur. Þegar foreldrar voru beðnir um að gefa upp ástæður þess að barnið nýti sér ekki slíka þjónustu gefa 64,4% upp svarið „þarf hana ekki“ og í opnum svörum er talsvert um að foreldrar nefni Covid-19. Við túlkun á þessum niðurstöðum skal til hliðsjónar haft aukið atvinnuleysi á svæðinu í kjölfar Covid-19.

## 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,7	77	0,4	4,6	5.972	0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	68,1%	47/69	11,0%	54,7%	2901/5112	13,4%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	61,8%	34/55	6,0%	64,3%	2809/4217	-2,5%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	62	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	49	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,5%	78/80	2,3%	94,4%	5653/5983	3,1%
4.7. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	82	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	71,6%	53/74	14,2%	59,7%	3291/5462	11,9%*
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	92,5%	62/67	7,3%	89,1%	4388/4942	3,4%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	91,4%	74/81	13,1%	82,0%	4795/5846	9,4%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,5%	61/83	0,1%	71,7%	4492/6208	1,8%

Heilt yfir eru niðurstöður í þessum flokki, foreldrasamstarf, mjög ánægjulegar. Jákvæð breyting hefur orðið á milli ára í öllum þáttum og er Akurskóli marktækt yfir landsmeðaltali í þremur þáttum.

## 5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	83	-0,0	5,0	6.161	0,0
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	80	-0,2	4,0	6.097	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	80,5%	62,777	9,6%	74,1%	4240/5692	6,4%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	64,6%	51,779	8,8%	60,9%	3538/5863	3,7%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	55,2%	32,58	-12,5%	74,2%	3425/4740	-19,0%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	27,6%	16,58	14,5%	15,5%	792/4740	12,1%*

Í þessum flokki eru niðurstöður um væntingar foreldra til áframhaldandi náms barna sinna mjög áhugaverðar. Foreldrar í Akurskóla hafa marktækt lægri væntingar til háskólanáms heldur en foreldrar á landsvísu. Þá hafa foreldrar í Akurskóla marktækt meiri væntingar til iðnnáms heldur en foreldrar á landsvísu. Á þessum tveimur þáttum hefur einnig verið breyting á milli ára og því má ætla að foreldrar í Akurskóla séu almennt að gefa iðnnámi meiri gaum en áður hefur verið gert.

## 7. Aukakönnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Ánægja með COVID viðbrögð	96,3%	79/82	-	95,0%	5743/6012	1,3%

Covid-19 hafði mikil áhrif á skólastarf í Akurskóla, meira en í mörgum öðrum skólum, en tvisvar sinnum kom upp smit í skólanum á árinu og þurfti stór hluti nemenda- og starfsmannahópsins að fara í sóttkví. Því er gleðilegt að sjá að ánægja foreldra með Covid viðbrögð skólans samræmist ánægju á landsvísu.

## 5.2.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 22 almenna þætti, starfsmenn sem sinna kennslu eru beðnir um upplýsingar við 31 þátt til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á þátttökuskólunum í apríl. Könnunin var send á 62 starfsmenn og 58 svöruðu, sem gerir 93,5% svarhlutfall.

## Helstu niðurstöður

## 1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,4	57	-	4,5	1.548	-0,1
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,7	57	-	4,9	1.547	-0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,7	57	-	4,8	1.548	-0,1
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,3	57	-	5,1	1.549	0,2

## 2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	57	-	5,1	1.544	0,2
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,5	57	-	5,2	1.543	0,3
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,9	57	-	4,8	1.543	0,1

Í þessum tveimur flokkum, „Starfið” og „Starfsmenn” eru svör starfsmanna Akurskóla að mestu leiti í samræmi við svör starfsmanna grunnskóla á landsvísu.

### 3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,4	57	-	5,4	1.539	0,0
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,9	57	-	5,0	1.502	0,9*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,7	56	-	5,3	1.532	0,4*
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,6	56	-	5,2	1.529	0,4*
3.5. Mismunur	4,6	56	-	4,8	1.529	-0,2
3.6. Einnelti (þú)	5,4%	3/56	-	3,8%	58/1523	1,6%
3.7. Einnelti (annar en þú)	17,9%	10/56	-	9,5%	144/1509	8,4%*
3.8. Einnelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	5,4%	3/56	-	3,8%	57/1509	1,6%

Í þessum flokki ber helst að nefna að Akurskóli mælist marktækt yfir landsmeðaltali í „Ánægja með vinnuaðstöðu”, „Stuðningur frá samstarfsfólki” og „Stuðningur við nýsköpun”. Þá segjast tölfræðilega marktækt fleiri hafa orðið vitni að einelti í Akurskóla en á landsvísu.

### 4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,4	56	-	5,3	1.502	0,1
4.2. Sanngjörn forysta	4,9	56	-	5,3	1.497	-0,4
4.3. Valdeflandi forysta	5,1	56	-	5,1	1.481	0,0
4.4. Ræktun mannaúðs	5,4	56	-	5,3	1.514	0,1

Í þessum flokki mælist ekki tölfræðilega marktækur munur á svörum starfsmanna Akurskóla og starfsmanna grunnskóla á landsvísu í neinum þáttum.

Eftirfarandi flokkar voru einungis lagðir fyrir þá starfsmenn skólans sem sinna kennslu.

### 5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	6,1	35	0,6	5,5	880	0,6*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,2	35	0,2	5,0	868	0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,4	33	0,3	5,1	786	0,3
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	45,0 mín	32	-2,5 mín	41,3 mín	744	3,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	73,5%	25/34	11,5%	69,4%	620/893	4,1%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	45,5%	15/33	-0,4%	50,8%	423/832	-5,3%
5.7. Hópavinna í bekk	50,0%	16/32	23,5%	30,4%	242/797	19,6%*
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	32,4%	11/34	1,1%	33,7%	281/835	-1,3%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	62,9%	22/35	3,7%	55,6%	469/843	7,3%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	30,3%	10/33	2,3%	13,8%	112/809	16,5%*
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	85,7%	30/35	2,0%	78,1%	679/869	7,6%

Kennarar í Akurskóla eru ánægðari með kennarastarfið en almennt mælist á landsvísu og er munurinn tölfræðilega marktækur. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku eru 45 mínútur í Akurskóla sem er lækkun um 2,5 mínútur frá því könnunin var síðast lögð fyrir, en er

Þó 3,7 mínútum hærrí en á landsvísu. Í Akurskóla er marktækt meiri áhersla lögð á hópastarf en í öðrum grunnskólum á landsvísu. Einnig er lögð marktækt meiri áhersla á námsmat með prófum í Akurskóla en á landsvísu.

#### 6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,9	32	0,9	5,5	776	0,4
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,5	31	0,8	5,4	766	0,1
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,5	35	0,3	5,3	857	0,2
6.4. Samráð um kennslu	5,5	33	0,2	5,4	833	0,1
6.5. Samvinna um kennslu	5,4	35	0,3	5,5	762	-0,1

Upplifun kennara í Akurskóla á starfsumhverfi sínu samsvara að mestu leyti svörum kennara á landsvísu.

#### 7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	63,6%	21/33	-0,9%	44,4%	371/835	19,2%*
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,4	35	-0,3	5,1	861	0,3
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	31,4%	11/35	-21,6%	50,6%	431/852	-19,2%*
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	33	-	-	-	-

Kennarar í Akurskóla sóttu 19,2% fleiri símenntunardaga en kennarar á landsvísu og mældist munurinn tölfræðilega marktækur. Meirihluti kennara í Akurskóla vildu ekki meiri símenntun á árinu.


### 5.3 Samræmd próf

Í september þreyta nemendur í 4. og 7.bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í mars fóru nemendur í 9.bekk í samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Menntamálastofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður.

Viðmið Akurskóla eru að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum prófum í öllum árgöngum. Landsviðmið eru sett fram í fremstu súlunni og er miðaða við að 25% nemenda nái raðeinkunn 76-99, 50% nái 25-75 og 25% nemenda fái raðeinkunn frá 1-24.




## 5.3.1 4. bekkur




Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	29	13	44,8%	15	51,7%	1	3,5%
	Lestur	29	14	48,3%	13	44,8%	2	6,9%
Stærðfræði	Heild	33	12	36,4%	19	57,6%	2	6,1%
	Reikningur og aðgerðir	33	14	42,4%	15	45,5%	4	12,1%

Miðað er við að 25% nemenda nái raðeinkunn á milli 76 og 99 en eins og sést hér er hlutfall nemenda Akurskóla sem náðu því 3,5% í íslensku og 6,1% í stærðfræði. Hlutfall nemenda sem er í lágsta þrepinu frá raðeinkunn 1 til 24 er talsvert hærra í Akurskóla en 25% sem er viðmiðið.




Á þessum myndum má sjá fjölda nemenda með ákveðna hæfnieinkunn. Í 4. bekk er ljóst að við erum ekki að ná nógu mörgum með A og B+ og það þarf að bæta.

## 5.3.2 7. bekkur



Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	28	13	46,4%	14	50,0%	1	3,6%
	Lestur	28	14	50,0%	12	42,9%	2	7,1%
Stærðfræði	Heild	32	12	37,5%	18	56,2%	2	6,2%
	Reikningur og aðgerðir	32	14	43,8%	14	43,8%	4	12,5%

17,1% nemenda nær raðeinkunn 76-99 í íslensku og 22,2% í stærðfræði. Landsviðmiðið er að 25% nemenda eigi að ná þessum árangri þannig að í stærðfræði erum við mjög nálægt því. Eins og í 4. bekk er hlutfall nemenda með raðeinkunn 1-24 hærra en ásættanlegt er í íslensku en hlutfall nemenda er bara 22% í stærðfræði sem er gott. Það þýðir að við erum að ná betri árangri í stærðfræði.




Fjöldi nemenda með A og B+ er meiri en í 4. bekk. Fimm nemendur fá þessa hæfnieinkunn í íslensku og 7 nemendur í stærðfræði.

### 5.3.3 9. bekkur


Þegar kom að samræmdum prófum í 9. bekk í mars kom upp alvarlegum kerfisvandi hjá Menntamálastofnun. Nemendur gátu með miklum erfiðleikum lokið við að taka íslenskuprófið. Öðrum prófum, stærðfræði og ensku, var frestað og nemendum gefin kostur á að taka þau á pappír síðar á skólaárinu. Þar sem fáir nemendur tóku enskuprófið verður ekki gerð grein fyrir árangri skólans í þeirri grein.

Í íslensku var niðurstaðan eftirfarandi.




Akurskóli er nálægt landsmeðaltal í íslensku í 9. bekk. Fjöldi þeirra sem fær C er þó ívið hærra en á landinu.

Í stærðfræði var niðurstaðan eftirfarandi.



Þeir nemendur sem tóku stærðfræðiprófið stóðu sig mjög vel og margir fengu A og B+ í prófinu. Enginn fékk C+ eða D.



Á þessari mynd sést að árangur nemenda Akurskóla er mjög nálægt landsmeðaltalinu í íslensku en mu betri en landsmeðaltalið í stærðfræði. Þess ber þó að geta að mun færri tóku stærðfræðiprófið en íslenskuprófið.

## 5.4 Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Sigrún Helga náms- og starfsráðgjafi, Arna Arnarsdóttir þroskaþjálfari, Eyrún Kr. Júlíusdóttir þroskaþjálfari, Ester Inga Alfreðsdóttir kennari, Agnes Ásgeirsdóttir sérkennari og Katrín Jóna deildarstjóri yngra stigs. Agnes og Eyrún hætta stöfum í Akurskóla í vor og vantar því tvo nýja meðlimi á næsta skólaári. Á þessu skólaári bárust þrjár tilkynningar vegna gruns um einelti. Tveimur málum af þremur hefur verið lokað. Þriðja málinu er einnig lokið en ekki hefur náðst í foreldra til að loka því formlega. Eitt mál frá skólaárinu 2019-20 er enn formlega opið. Frá því skólaári var tveimur málum lokað.

## 5.5 Samtöl

Hér er gerð grein fyrir foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum.

### 5.5.1 Foreldrasamtöl

Í Akurskóla koma foreldrar þrisvar á ári í samtal við kennara. Í september hitta nemendur og foreldrar kennara þar sem nemendur setja sér námsmarkmið og farið er yfir helstu áherslur námsársins. Mæting foreldra var almennt góð í foreldrasamtöl. Tímabantanir í gegnum Mentor gengu vel og voru kennarar mjög sáttir við að foreldrar sæju sjálfir um að panta tíma.

Nemendur fengu afhentan vitnisburð sinn í janúar. Í kjölfarið voru foreldrasamtöl. Kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert framhaldið væri. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Vegna Covid-19 var foreldrum sem ekki treystu sér að koma í samtal í skólann viðtal á teams eða í síma.

Í lok maí var síðasti samtalsdagurinn. Farið var yfir námsmat og hvernig hafi gengið. Góð mæting var í samtölin.

### 5.5.2 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsmönnum var skipt á stjórnendur en gátu beðið um að skipta ef þeir höfðu

áhuga á því. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Svör starfsmanna voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar unnu úr þeim saman.

Í ár var stuðst við svipaðan spurningarlista og síðast og starfsmönnum einnig gefið tækifæri á að svara bara spurningum og mæta ekki í viðtal og völdu 30% starfsmanna að gera það.

Almenn liðan var yfirleitt góð hjá starfsmönnum en nokkrir töluðu um álag aðallega vegna óvæntra atvika eins og veikinda samstarfsfólks. Aðbúnaður var góður en þröngt í sumum vinnuherbergjum.

Starfsmenn sáu mörg tækifæri hjá sjálfum sér að bæta sig en sáu líka margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Meirihluti þeirra sem svöruðu sáu ekki margt sem þeir myndu breyta strax væru þeir stjórnendur.

### 5.5.3 Kennslurýni og samtöl

Sjötta árið í röð fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtalið við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.

Þau viðmið sem voru skoðuð núna sjást hér á myndinni.

Viðmið	Óviðunandi	Viðunandi	Gott	Frábært
Jákvætt andrúmsloft - hlaðið væntingum	Stöðugt þarf að minna nemendur á að halda sér við efnið - sumir nemendur gera það samt ekki	Nemendur vinna eins og til er ætlast af því að kennarinn áminni þá reglulega	Kennarinn þarf aðeins stöku sinnum að minna nemendur á að halda sig að verki	Afar jákvætt andrúmsloft. Nemendur standast væntingar sem gerðar til náms og hegðunar
Kennsluáætlun er aðgengileg (námsáætlun, áætlun fyrir kennslustundina)	Kennsluáætlun er ekki til staðar	Kennsluáætlunin er til staðar	Undirbúningur kennslustundarinnar er nákvæmur og augljóslega aðlagður að þörfum nemenda, fyrri námi og námsmati, byggt á kennsluáætlun.	Allur undirbúningur er skipulagður út í hörgul, samþætting námsgreina er skýr, námsmat er skipulagt í samræmi við kennsluáætlunina. UT og heimavinna tengist náminu með eðlilegum hætti.
Lýkilhugtök sýnileg og notuð á markvissan hátt (hugtakalistar)	Lýkilhugtök eru ekki sjáanleg	Hugtakalistar eru sýnilegir í kennslurýminu og nemendur geta nýtt þá eftir þörfum	Hugtakalisti er sýnilegur í kennslurýminu og kennarar og stuðningsfulltrúar vísa til hans	Lýkilhugtök eru lykilatriði í kennslu og námi; notkun þeirra er augljóslega hefðbundin hluti kennslunnar
Námsgögn og verkefni eru aðgengileg nemendum	Námsgögn og verkefni eru ekki öll tiltæk	Öll verkefni og námsgögn eru til staðar áður en kennslustund hefst	Öll verkefni og námsgögn eru tiltæk, vel undirbúin og þeim dreift skipulega í kennslustundinni	Fjölbreytt úrval vandaðra verkefna og námsgagna er til staðar og aðgengileg. Nemendur nálgast þau án þess valda ónáði.
Sýnileg námsgögn t.d. á veggjum eru notuð á markvissan hátt (nemendaverk og önnur verk sem styðja við námið s.s. landakort)	Náms- og kennslugögn eru til staðar en endurspeglar ekki þau verkefni sem unnið er að.	Fjölbreytt náms- og kennslugögn eru til staðar m.a. vinna nemenda	Fjölbreytt náms- og kennslugögn eru sýnileg m.a. verk nemenda, verkefni og gögn á vinnslustigi sem örva áhuga.	Fjölbreytt vel ígrunduð náms- og kennslugögn eru til sýnis í kennslurýminu. Þau eru notuð til að styðja við nám nemenda. Þar eru dæmi um afburða vel unnin verkefni
Stuðningsfulltrúar aðstoða nemendur skipulega	Stuðningsfulltrúar hafa lítil áhrif á vinnu nemenda	Stuðningsfulltrúar vinna með nemendahópum eða einstaklingum til að tryggja að þeir vinni það sem til er ætlast	Stuðningsfulltrúar vinna markvisst með leiðsögn kennara með hópum og einstaklingum.	Stuðningsfulltrúar vinna skipulega og með leiðsögn kennara með einstaklingum og hópum og stuðla að auknum árangri viðkomandi.
Upplýsingatækni er nýtt í samræmi við kennslu og nám	Upplýsingatækni er ekki notuð þar sem hún hefði átt við.	Það er einkum kennarinn sem nýtir upplýsingatæknina	Nemendur og kennarar nýta upplýsingatækni í þágu námsins	Upplýsingatækni er nýtt til að gera námið áhugaverðara og bætir það umtalsvert



## 5.7 Lestrarskimanir

### 5.7.1 Logos-læsissskimun í 6. bekk

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Þetta er breytinga frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árgangnum.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólastjórnendum á fundi.

Út frá niðurstöðum lesferils sem lagður var fyrir í september og janúar voru átta nemendur af 28 eða 28% sem voru undir viðmiðum og ekki með neina lestrarörðuleika sem vitað var um. Þessir nemendur voru skimaðir í Logos í mars 2021. Niðurstöður Logos sýndu fram á að kanna þurfti frekar fjóra nemendur sem sýndi fram á að þrír af þessum fjórum greindust með dyslexíu en fjórða nemandann þarf að senda í málþroskamát. Þeir nemendur sem þurftu ekki frekara mat fóru í sérkennslu þrisvar í viku ásamt því að fá með sér heim fimmuna. Allir nemendur fengu verkefnið Eitt skrefi í einu, hver við sitt hæfi. Í lesfimiþrófi Lesferils í vor sáust framfarir hjá öllum nemendum.

### 5.7.2 Logos-læsissskimun í 9. bekk

Í Logos í 9. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Þetta er breytinga frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árgangnum. Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólastjórnendum á fundi. Í ár voru það 8 nemendur af 39 í árganginum, eða 20%. Af þessum átta nemendum var tveimur vísað í lestrargreiningu. Hjá hinum sem ekki þurftu að fara í lestrargreiningu voru niðurstöður sendar til foreldra og hvatt til aukins heimalesturs. Í kjölfar var áttak í leshraðabjálfun. Nemendur fengu Fimmuna heim tvisvar yfir skólaárið sem fólst í því að nemendur lásu sama textann fimm sinnum, tíminn tekinn og hann skráður af foreldrum. Til að æfa lesskilning svöruðu nemendur spurningum í lok hvers texta. Allir nemendur fengu efnið Æfingin skapar meistarann undir lok árs og gafst vel að sú þjálfun færi fram í skólanum og var byrjun hvers íslenskutíma tekin í þá þjálfun. Boðið var upp á lestraráskorun á vorönn en þátttakan var dræm í árganginum.


### 5.7.3 Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:


- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir í að hausti í október eða nóvember og svo að vori í febrúar eða mars.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Verkefnastjóri læsis hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Hér má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og nær enginn árgangur því að vori. Þá eru talsverðar framfarir í öllum bekkjum nema 3. bekk.



Hér má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem svöruðu 11-20 atriðum af 20 rétt fjölgar á milli prófa í öllum árgöngum. Sérstaklega eru framfarir góðar í 4. og 6. bekk.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun og í bekk og endurmati.



#### 5.7.4 Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

- 1. bekkur: Lesskimunarpróf í september
- 1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- 1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla


Umsjónarkennarar í 1. - 5. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 6. - 10. bekk lagði verkefnastjóri læsis lesfimiprófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu úr Skólagátt og unnu út frá henni. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiprófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðabekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor ásamt endurinnlögn á stöfum. Markvisst samstarf var við foreldra þessara barna. Foreldrar fengu tölvupóst um hvaða stafur var lagður inn og þeir fengu þjálfunarefni heim með stafnum. Þá voru sérstakar stafakannanir lagðir fyrir og hljóðkerfisþjálfun aukin. Foreldrar fengu einnig stöðuna á framvindu reglulega. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega. Þeir nemendur í 2. til 7. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu Eitt skref í einu – Lesfimiþjálfun.


Eins og sjá má á þessum tveimur myndum sem sýna fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Akurskóla miklar framfarir og sérstaklega á yngsta stigi.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Akurskóli, sept. 2020



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Akurskóli, maí 2021



Í maí má sjá að allir árgangar ná góðum framförum í lesfimi. Nemendum undir viðmiði 1 hefur fækkað verulega og hlutfall nemenda milli viðmiðs 2 og 3 og yfir viðmiði 3 hefur hækkað.


## 5.8 Stærðfræðiskimanir

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf Talnalykils fyrir í 3. bekk í nóvember og fyrir nemendur í 6. bekk í október.

### 5.8.1 Talnalykill í 3. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70 rétt.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	19	17	36
	53%	47%	100%



Myndin sýnir meðaltal nemenda í árgangnum

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöðurnar voru kynntar foreldrum á samtalsdegi í janúar.

Talnalykillinn kom vel út hjá 3. bekk í ár. 29 nemendur af 36 náðu 54% árangri eða hærra og 19 nemendur náðu 77% eða hærra. Enginn nemandi kom út rauður eða í mikilli áhættu.


Unnið var í stærðfræði í litlum hópum, mest 13 manna hópum, þar sem mikil einstaklingsþjálfun fór fram. Eftir Talnalykilinn var unnið áfram með þessa fjóra þætti (samlagningu, frádrátt, deilingu og margföldun). Unnið var mikið með formerki og að skilja þau í sundur ásamt því að nemendur unnu jafnt og þétt í uppsetningu dæma allan veturinn.

Unnið var einstaklingslega með nemendur sem voru neðstir og sýndu þeir allir betri árangur í stærðfræði í lok vetrar. Einn af þeim neðstu sem náði 46% hafði sýnt töluvert meiri hæfni í þessum þáttum alla önnina og teljum við að dagamunur eða streita hafi haft áhrif á hans niðurstöður á skimunardegi.

## 5.8.2 Talnalykill í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda nái yfir 70% rétt í talnalykli.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	8	20	28
	29%	71%	100%



Myndin sýnir meðaltal nemenda í árganginum

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólustjórnendum á fundi og úrræði voru rædd.

Talnalykill var lagður fyrir í október 2020 en áður hann var lagður fyrir voru nemendur búnir að fá nokkuð góða þjálfun í reikniáðgerðum. Þar var unnið í hópum þar sem hver vann verkefni við sitt hæfi ekki var verið að leggja fyrir of þung verkefni þar sem ekki var næg geta til fyrir.

Talnalykillinn var lagður fyrir 28 nemendur. Niðurstöður sýndu að 8 nemendur voru grænir eða með 70% rétt og yfir. Það voru 17 nemendur sem voru gulir eða með 30 – 69% rétt og 3 nemendur rauðir en það eru þeir sem eru með undir 30% rétt.

Eftir að niðurstöður lágu fyrir voru þær greindar og nemendum skipt upp í hópa eftir getu. Kennarar fóru aftur í frekari vinnu með reikniáðgerðir þá aðalega margföldun með tveimur tölum og deilingu. Allir foreldrar fengu tölvupóst heim þar sem þeir var gerð grein fyrir stöðu barna sinna og boðið að fá auka heimavinnu til þjálfunar sem ansi fáir nýttu sér.

Mæting nemenda í skólann má sjá á meðfylgjandi súluriti. Hlutfallið segir til um hve margir mættu af þeim sem áttu að mæta. Framan af voru fleiri sem héldu börnum sínum heima en ástundun jókst eftir páska. Til samanburðar mættu 94% nemenda í skólann 8. maí þegar skólastarf hafði verið hefðbundið í fjóra daga.

## 5.9 Ný einkunnarorð Akurskóla

Á 15 ára afmæli Akurskóla var tekin sú ákvörðun að vinna að nýjum einkunnarorðum skólans. Farið var í hugmyndavinnu með starfsfólki og nemendum. Starfsfólki var skipt upp í hópa átti hver og einn að koma með 2-5 orð sem þeim fannst lýsandi fyrir skólann og stæðu fyrir okkar gildi. Hver starfsmaður fékk svo fimm atkvæði til að kjósa þau fimm orð úr hópnum sem þeim fannst passa best. Stjórnendur tóku svo þau orð sem oftast voru nefnd úr hverjum hópi saman og þau fóru til umsjónarkennara sem unnu sambærilega með öllum árgöngum. Í haust verður lokið við þessa vinnu með því að kynna fyrir foreldrum og birta ný orð.

## 5.10 Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
<b>Skólasetning</b>	Stjórnendur og starfsmenn	Hefðbundin skólasetning sem gekk mjög vel. 2. – 10. bekkur mættu inni stofur og sérstök skólasetning með rósom fyrir 1. bekk.
<b>Ólympíuhlaup ÍSÍ</b>	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið gekk mjög vel og nemendur voru jákvæðir og virkir. Það væri gaman ef hægt væri að hafa tónlist þar sem kennararnir eru að taka niður talningu til að mynda skemmtilega stemmingu. Við reynum alltaf að fylgja veðurspánni og taka hlaupið í góðu veðri.
<b>Göngum í skólann</b>	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Heilsuátakið Göngum í skólann fór fram í Akurskóla tímabilið 2. september til 7. október og voru nemendur hvattir til að ganga eða hjóla í skólann. Að tímabilinu loknu var svo haldin verðlaunaafhending fyrir öll stigin, yngsta, mið og elsta stig. Þeir bekkir sem stóðu uppi sem sigurvegarar á hverju stigi fengu faraldsbikar (Gullskór) í verðlaun. Verkefnið tókst mjög vel og voru allir bekkir mjög virkir.
<b>Starfsdagur 11. September og 4. október</b>	Starfsmenn	Starfsdagur fyrir kennara í 1.-4. bekk var 11. september. Vinna fyrir hádegi og rafræn byrjendalæsisráðstefna frá HA eftir hádegi. 4. október var starfsdagur fyrir kennara í 5.-10. bekk. Farið var á rafræna Menntakviku. Ánægja var með að skipta starfsdeginum á milli stiga.
<b>Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk</b>	Stjórnendur	Aðeins 18 nemendur af 40 tóku þátt í Upplestrarkeppninni í 7. bekk. Átta nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og þrír fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, tveir keppendur og einn varamaður. Vegna samkomutakmarkana fengu keppendur að taka með sér einn gest á skólakeppnina auk þess sem allur 7. bekkur var í salnum. 6. bekkur fékk ekki að horfa á að þessu sinni. Dómarar skólaárið 2020-2021 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fyrrverandi kennari og Katrín Jóna Ólafsdóttir deildarstjóri. Í kjölfarið á keppninni í ár var ákveðið að útbúa handbók fyrir kennara með leiðbeiningum til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi.
<b>Jólahátíð – Prettándinn</b>	Allir starfsmenn skólans	Vegna Covid-19 var jólahátíð aflýst. Ákveðið var að hafa þrettándagleði 6. janúar í staðinn. Farið var með nemendur á útikennslusvæðið okkar í Narfakotsseylu og boðið uppá kakó og piparkökur. Nemendahópnum var stigskipt og kom yngsta stig fyrst, síðan miðstig og að lokum unglingastig. Skotið var upp flugeldatertu fyrir hvert stig. Teljum við að þetta hafi lukkast vel og hefur verið ákveðið að hafa þetta fyrir hefð 6. janúar ár hvert.

<b>Öskudagur</b>	Allir starfsmenn og viðburðateymi	<p>Hátíðin var tvískipt. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði var leikir í íþróttahúsi, kubbar, grímugerð, spil, popp og bíó og kahoot spurningakeppni. Skóli var frá 8.10-10.10 og var hver árgangur í 20-25 mínútur á stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.10 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og var m.a. áberandi að þeir nemendur sem hafa ekki tekið þátt undan farin ár voru að njóta sín.</p> <p>6. - 10. bekkur fór í menntastríð. Nemendum var skipt í 16 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lifandi excelskjál þar sem stigin voru færð inn um leið og sigurvegarar tilkynntir á sal samdægurs. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.</p> <p>Í heildina gekk allt mjög vel og nemendur voru ánægðir.</p>
<b>Árshátíð skólans</b>	Allir starfsmenn skólans	<p>Árshátíð Akurskóla fór fram 19. maí og var hún með óhefðbundnu sniði í ár vegna samkomutakmarkanna. Nemendur í 1. -9. bekk stigu á svið með sín atriði og í lokin sýndi 10. bekkur árshátíðarmyndbandið sitt. Hátíðinni var streymt á Youtube-síðu Akurskóla og var almenn ánægja með það. Gaman var hversu fjölbreytt atriðin voru hjá árgöngum. Nemendur fengu kökusneið og djús í stofum en þeir horfðu á árshátíðina í sínu rými. Passa að panta líka kökur fyrir starfsmenn ef þetta verður gert aftur á þennan hátt.</p> <p>Árshátíðarmyndband 10. bekkjar tókst ágætlega en þótti heldur of langt.</p>
<b>Þema í maí</b>	Allir starfsmenn skólans	<p>Þemað í ár var Undir berum himni og unnu allir árgangar að því Í 1.-4. bekk fór hver árgangur fyrir sig í ýmis verkefni m.a. í sund í Akurskóla, leiki, Njarðvíkurskóga, bókasafnið, Rokksafnið og fl.</p> <p>Þemadagar gengu vel en hugmynd kom upp um breytingar á þemanu þar sem stigin yrði blandað saman og minna um ferðalög með strætó 5.-7. bekk var skipt í þrennt þvert á árganga þar sem farið var í ratleik, keppt í Akurtröllinu og hjólað í Vatnaveröld. Gekk það mjög vel og var mikil ánægja.</p> <p>8.-10 bekk var skipt í hópa þvert á árganga. Á þriðjudegi voru ýmsar stöðvar á skólalóðinni, m.a. útileikir, ultimate frisbee, boltaleikir o.fl. Á miðvikudeginum var ratleikur um allan Reykjanesbæ. Kennarar dreifðu sér um bæinn og tóku á móti nemendum á sumum stöðvum, annars voru nemendur sjálfstæðir í að koma sér á milli og var búið að hafa samband við Bus4U og fengu nemendur frítt í strætó þennan dag. Á fimmtudeginum horfðu nemendur á árshátíðarkvikmynd leiklistarvalsins „Það er spurning“ ásamt því að spurningakeppni á milli 10. bekkjar og kennara var haldin á sal þar sem ekki gafst færi á því á Degi íslenskrar tungu.</p>
<b>Vorhátíð</b>	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	<p>Keppni á milli bekkja á stöðvum. Hver bekkur átti sinn lit. Í lokin kom Sirkus Íslands með atriði. Gekk hátíðin vel en alltaf má endurskoða hvað má betur fara. Styttu þarf biðtíma og finna skemmtilegt nafn á hátíðina. Gaman væri að gera nafnasamkeppni. Á næstu ári er stefnt á að hefja hátíðina á skrudgöngu. Áhugi er fyrir því að grilla pylsur í samstarfi við foreldrafélagið næsta vor.</p>
<b>Skólaslit</b>	Allir starfsmenn skólans.	<p>Nemendur í 1.-9. bekk mættu í heimastofur með foreldrum. Umsjónarkennarar kvöddu nemendur sína, afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl. Stjórnendur gengu á milli rýma.</p>

<b>Útskriftin hjá 10.bekk</b>	Stjórnendur	Útskriftarathöfnin í fyrra þótti heppnast með eindæmum vel og þar sem samkomutakmarkanir voru enn í gildi og hátíðarkvöldverður 10. bekkjar féll einnig niður þetta árið var ákveðið að hafa útskriftarkvöldið sem sama sniði og árið áður. Því var hátíðarkvöldverðinum og útskriftinni steypt saman og úr var frábært lokakvöld með útskriftarnemendum okkar. Nemendur og starfsfólk mættu kl. 18:00 í fordrykk og var síðan borðað saman. Ýmis skemmtiatriði voru í boði. Klukkan 20.00 hófst útskrift sem var hátíðleg og skemmtileg. Hver nemandi mátti bjóða tveimur gestum og voru nöfn gesta skráð á merkt sæti svo hægt væri að halda utan um mætingu í tvær vikur frá útskrift sökum sóttvarna. Þurfum að endurskoða texta á hrósskjöllum á næsta ári ásamt að skoða hvort borðar fyrir hvern nemanda er ekki barns síns tíma.
<b>Brúum bilið</b>	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Vegna Covid-19 féll verkefnið Brúum bilið niður þetta árið.
<b>Lestrar-sprettur í október og apríl</b>	Kennarar	Hver og einn nemandi fékk lestrarverkefni við hæfi. Niðurstöður lesfímiprófa voru notuð sem viðmið fyrir hvaða verkefni var lagt fyrir hvern nemanda.
<b>Dagur íslenskrar tungu</b>	Kennarar	Vegna Covid-19 var ekki hægt að hafa hátíðarhöldin með hefðbundnu sniði. Ákveðið var að gera myndband með atriðum frá hverjum árgangi fyrir sig. Gekk það vel og vakti mikla lukku. Verkefnastjóri tölvumála setti saman myndböndin fyrir hvern árgang.
<b>Þorrapema</b>	Kennarar í 1. bekk	Féll niður í ár vegna Covid-19.
<b>Lestrar-áskorun</b>	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu þeir verðlaun. Gekk vel og nemendur voru áhugasamir.

## 6 MAT Á UMBÓTAÞÁTTUM

Starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt unnið eftir umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið. Fjórir þættir voru settir fram sem huga ætti sérstaklega að. Þessir fjórir þættir voru eftirfarandi; námsárangur nemenda, læsi, heilsueflandi grunnskóli og máttur mannauðsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en sumir tengjast þáttum sem áður hefur verið fjallað um s.s. niðurstöðum samræmdra prófa, skólapúlslinum og niðurstöðum skimana.

### 6.1 Námsárangur

Þessi þáttur er í stöðugri vinnslu og árangur nemenda okkur er öllum starfsmönnum hugleikinn. Eins og áður hefur komið fram var árangur nemenda í 4. og 7. bekk á samræmdum prófum nokkuð undir væntingum en 9. bekkur stóð sig betur.

Miklar framfarir urðu í lesfimi hjá öllum árgöngum frá september til maí og nokkrir árgangar mjög nálægt eða hafa náð viðmiðum MMS ásamt því að vera yfir landsmeðaltali.

Nemendur í 3. bekk náðu langbesta árangri sem náðst hefur í talnalykli sem er glæsilegt.

Nemendur bæta sig í Orðarún á milli prófa en enginn árgangur nær viðmiði.

Við erum því sannarlega á réttri leið og áfram verður haldið að huga að gæðum náms og kennslu og stefna að því að allir nemendur nái hámarksárangri.

### 6.2 Læsi

Í ár vorum við með verkefnastjóra læsis í fyrsta sinn ásamt því að hefja þjálfun á nýjum leiðtoga í byrjendalæsi.

Skólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði Reykjanesbæjar. Upprunalegt markmið var að búa til áhugahvetjandi verkefni ásamt því að fá utanaðkomandi aðila til að auka lestraráhuga nemenda. Vegna Covid-19 og takmarkanna sem skólinn þurfti að framfylgja breyttist verkefnið töluvert í haust. Eftir áherslubreytinguna þá gekk verkefnið mjög vel. Allir kennarar voru ánægðir með verkefnið og fannst gott að ákveðinn aðili hefði yfirsýn yfir lestrarþjálfun í skólanum. Góð yfirsýn býr til samfellu í þjálfuninni og tekur mikla vinnu af umsjónarkennaranum sem alltaf hefur nóg að gera.


Að hafa virkan leiðtoga hefur eflt byrjendalæsiskenntsluna mikið. Það er nauðsynlegt fyrir kennarana að hafa leiðtoga til að stýra verkefnum og styðja við þá.

Við breyttum tilhögun í heimalestri skólans og einnig úthlutanarreglum á skólabókasafninu. Þetta var gert til að þjálfunarefni væri við hæfi en einnig til að allir gætu fengið yndislestrarbók eftir sínu áhugasviði óháð getu. Lestraráskorun Akurskóla var útfærð og heppnaðist vel. Bæði nemendur og foreldrar voru ánægðir með áskorunina.

Þegar niðurstöður lesfimimats Menntamálastofnunnar eru skoðaðar þá sjást framfarir í lesfimi í skólanum. Þeir nemendur sem mælast rauðir (undir viðmiði 1) eru færri vorið 2021 heldur en þeir voru vorið 2020. Einnig eru bláir nemendur (yfir viðmiði 3) fleiri vorið 2021 heldur en þeir voru vorið 2020. Þegar við skoðum skólann í heild þá eru núna þrír árgangar sem eru yfir landsmeðaltali í lestri en það er einnig aukning á milli ára. Það er okkar mat að það sé mikill árangur af verkefninu en auðvitað er takmarkað hvað hægt er að gera á 10 mánuðum. Þær



breytingar sem farið var í í vetur munu að sjálfsögðu halda áfram og teljum við að sú áherslubreyting muni hafa áframhaldandi bætingu í för með sér.



### 6.3 Heilsueflandi grunnskóli

Leiðtogi innleiðingar Heilsueflandi grunnskóla er Jón Ásgeir Þorvaldsson. Hann fer fyrir teymi sem hefur fundað reglulega í vetur. Teymið hefur verið að leggja drög að innleiðingu með því að fara yfir alla þá þætti sem snúa að Heilsueflandi grunnskóla og hvernig hver þáttur er staddur í Akurskóla. Teymið studdist við gátlista sem gefinn er út af embætti Landlæknis. Til stóð að fá kynningarfund fyrir starfsmenn þar sem fulltrúar frá Landlæknisembættinu kæmu og kynntu innleiðinguna en það náðist ekki vegna samkomutakmarkana og því hefur þeim fundi verið frestað fram á haust. Jón Ásgeir fundaði einnig með öðrum leiðtogum úr grunnskólum Reykjanesbæjar.

### 6.4 Máttur mannauðsins

Máttur mannauðsins er verkefni sem við lögðum upp með til að styrkja starfsmenn í leik og starfi. Við þurftum að fresta tveim fyrirlesturum fram á næsta skólaár sökum Covid-19. En síðastliðið haust fengum við Kolfinnu Njálisdóttir til að halda erindi fyrir almenna starfsmenn um samstarf og vinnu með nemendum. Við fengum einnig Bugl með fyrirlestur um tengslaraskanir fyrir alla starfsmenn. Í febrúar var Ingrid Khulman með fyrirlesturinn „Er gaman í vinnunni“ og í apríl var Aldís Arna Tryggvadóttir með fyrirlesturinn „Lögmálið um lífsgæðin“. Við enduðum skólaárið á B59 í Borgarnesi í hópefli. Allt gekk þetta vel hvort sem við vorum saman á netinu eða á sal með ýmsum takmörkunum. Starfsmenn lýstu almennri ánægju með dagskránni og við hlökkum til að klára hana á næsta skólaári.

## 7 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allir starfsmenn skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2021 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.